

Uppfinning mánaðarins

Trampólín

(Georg Nissen)

Georg fann upp trampólínið þegar hann var 16 ára. Hann fékk hugmyndina eftir að hafa farið á sýningu hjá loftfímleikafólki og tók eftir því að þau létu sig falla á öryggisnetið að sýningu lokinni. Honum datt í hug að það yrði tilkomumeira ef listamennirnir gætu hoppað niður á jörðina eftir sýninguna. Hann hófst því handa við að smíða jánramma, sem hann strekkti efni yfir og hægt var að hoppa á. Þannig varð fyrsta trampólínið til.




Fristundalæsi

Uppfinning mánaðarins

Íspinni

(Frank Epperson)

Frank fann upp íspinnann þegar hann var 11 ára. Eitt vetrarkvöld blandaði hann sér drykk úr sykurdufti og vatni. Hann gleymdi að taka drykkinn inn áður en hann fór að sofa. Drykkurinn stóð því úti á verönd yfir kalda nótt. Þegar hann vaknaði morguninn eftir var drykkurinn frosinn á spýtunni sem hann hafði notað til þess að hræra saman drykkinn. Þannig varð fyrsti íspinninn til.



Frístundalæsi

Uppfinning mánaðarins

Eyrnaskjól

(Chester Greenwood)

Chester fann upp eyrnaskjól þegar hann var 15 ára. Hann fór að skauta einn vetrardag og varð rosalega kalt á eyrunum. Hann prófaði að binda trefil utan um eyrun en fannst það ekki vera árangursmikið. Hann ákvað því að finna betri lausn. Hann fór heim til sín og smíðaði vírrama og bað ömmu sína að sauma efnisbúta sem gætu verndað eyrun fyrir kulda. Hann setti svo vírgrindina og efnisbútana saman og bjó þannig til fyrstu eyrnaskjólín.




Frístundalæsi

Uppfinning mánaðarins

Jólasería

(Albert Sadacca)

Albert fann upp jólaseríuna sem hægt er að hengja á jólatré þegar hann var 15 ára. Á þessum tíma notaði fólk kerti til þess að lýsa upp jólatré heima hjá sér. Eftir að það hafði kviknaði í út frá kerti á jólatréi á heimili í borginni sem Albert bjó í, ákvað hann að reyna að finna aðra lausn. Albert bjó til rafmagnsseríu sem hægt var að setja á jólatré og varð þannig til fyrsta jólaserían.




Fristundalæsi

Uppfinning mánaðarins

Froskalappir

(Ben Franklin)

Ben fann upp froskalappirnar þegar hann var 11 ára. Honum fannst leiðinlegt hvað hann synti hægt og ákvað því að skoða hvort hann gæti ekki fundið leið til þess að synda hraðar. Hann útbjó planka úr tréi sem hann festi á fætur og hendur. Það gekk samt ekki nógu vel og þurfti hann að útfæra hugmyndina betur. Þannig urðu samt til fyrstu froskalappirnar.




Frístundalæsi

Uppfinning mánaðarins

Fiskabúr

(Jeanne Villepreux-Power)

Jeanne var náttúrufræðingur sem vann við rannsóknir á sjávarlífi á Ítalíu. Einn daginn var hún að skoða lítinn kolkrabba sem var með skel. Flestir héldu að þessi tegund kolkrabba tæki skelina sína frá öðrum lífverum. Jeanne langaði að vita sannleikann og þurfti því að smíða eitthvað ílát þar sem hún gæti fylgst með kolkrabbanum í lengri tíma. Hún bjó til ílát úr gleri og sannaði að kolkrabbinn bjó til sína eigin skel. Þannig varð fyrsta fiskabúrið til.



Frístundalæsi

Uppfinning mánaðarins

Bréfpoki

(Margaret E. Knight)

Margaret fann upp fyrstu vélina sem gat brotið saman og límt bréfpoka. Vélin varð vinsæl og margir byrjuðu að nota bréfpoka. Það varð til þess að ungur maður reyndi að stela uppfinningunni og sagðist hafa uppgötvað vélina. En Margaret gat sannað að hún hefði fundið upp bréfpokavélina.




Frístundalæsi

Uppfinning mánaðarins

Rúðupurrka

(Mary Anderson)

Það var kona sem hét Mary sem fann upp rúðupurrkuna. Í heimsókn til New York settist hún upp í sporvagn í rigningu. Þar tók hún eftir því að bílstjórinn gat ekki séð út um gluggann vegna þess hve mikið rigndi og þurfti að opna gluggann til þess að geta séð út. Þegar Mary kom heim til sín eftir ferðina bjó hún til stöng úr gúmmíi til þess að tryggja útsýni úr farartækjum. Þannig varð fyrsta rúðupurrkan til.



Frístundalæsi

Uppfinning mánaðarins

Súkkulaðibitakaka

(Ruth Graves Wakefield)

Það var konan Ruth sem fann upp súkkulaðibitakökuna. Hún átti veitingastað sem var frægur fyrir góða eftirrétti. Einn daginn prófaði hún að mylja niður súkkulaðiplötu og setja í smákökudeig. Kökurnar slógu í gegn og súkkulaðiframleiðendur byrjuðu að selja súkkulaðibita til þess að nota í smákökurbakstur. Utan á umbúðum súkkulaðibitanna var uppskrift Ruth að fyrstu súkkulaðibitakökunum.



Frístundalæsi

Uppfinning mánaðarins

Hárvörur fyrir svart fólk

(Sarah Breedlove)

Sarah var ung kona þegar hún fann upp hárvörur fyrir svart fólk. Hún uppgötvaði að hún var farin að missa hárið vegna efna sem finna mátti í hárvörum. Þessar hárvörur fóru afar illa með hár á svörtu fólki og voru margar konur í kringum Söruh sem áttu við sama vandamál að stríða. Hún hannaði þess vegna sína eigin hárvörulínu fyrir svart fólk og varð fyrsta konan sem varð milljónamæringur í Bandaríkjunum.



Frístundalæsi